

**Nd.**

## **109. Frumvarp til laga**

um meðferð á fundnu fé.

Flm.: Bergur Jónsson.

### **1. gr.**

Þegar rætt er um fundið fé í lögum þessum, er átt við fundna muni, sem ekki eru vogrek, óskilafénaður eða forngripir.

### **2. gr.**

Allt fundið fé skal, strax og því verður við komið, afhendast lögreglustjóra, í Reykjavík rannsóknarlögreglu, eða hreppstjóra í umdæmi því, er það finnst í. Skulu þeir geyma það og halda skrá yfir, hver hafi fundið það og hvar það hafi fundizt.

### **3. gr.**

Þegar eigandi gefur sig fram og fær hið fundna afhent, skal hann, ef finnandi krefst þess, greiða honum þóknun í fundarlaun, áður en afhending fer fram.

Fundarlaun þessi skulu, ef eigi næst samkomulag milli aðila, úrskurðast af lögreglustjóra, í Reykjavík sakadómara, eða hreppstjóra, og skal þá hliðsjón höfð af verðmæti þess fundna og öðrum atvikum, en aldrei mega þau fara fram úr  $\frac{1}{4}$  af verðmæti þess fundna.

Úrskurði hreppstjóra má skjóta til lögreglustjóra.

### **4. gr.**

Nú hefir eigandi hins fundna ekki gefið sig fram innan 6 mánaða, og skal það þá selt á opinberu upphóði, er sé auglýst með hæfilegum fyrirvara.

Finnandi skal þá fá  $\frac{1}{4}$  af upphóðsandvirðinu, þegar allur kostnaður hefir verið dreginn frá, en afgangurinn renna í sjóð lögreglumanna á staðnum, ef til er, en ella í sveitar- eða bæjarsjóð. Nú hefir finnandi ekki vitjað fundarlauna innan 3 mánaða frá upphóðsdegi, og rennur þá allt upphóðsandvirðið í lögreglusjóð eða sveitararsjóð.

### **5. gr.**

Brot gegn 1. mgr. 2. gr. varða allt að 200 króna sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Með mál þessi skal fara sem almenn lögreglumál.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **7. gr.**

Með lögum þessum er úr gildi fellt opið bréf frá 8. júní 1811 um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum, og opið bréf frá 5. desember 1812 um fundið fé í sveitum, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt eftir beiðni sakadómarans í Reykjavík, og fylgja því svo hljóðandi athugasemdir og skýringar:

Með frumvarpi þessu er átt við allt fundið fé, sem ekki er vogrek, óskilafénaður eða forngripir, sem finnst með þeim atvikum, að ætla má, að það sé í einskis yörzlu, en þó ekki eigandalaust. Í Jónsbók, þjófabálki 14, eru ákvæði um þetta, sem aldrei hafa verið beint úr lögum numin. Ennfremur hefir verið um þetta beitt dönskum lagaboðum, opnu bréfi frá 8. júní 1811 og opnu bréfi frá 5. desember 1812, en vafasamt er um gildi þeirra, enda þeim ekki fylgt hér að staðaldri. Öllum þessum lagaboðum er það sameiginlegt, að þau eru nú mjög úrelt orðin, og auk þess er

mikið ósamræmi þeirra í milli. Samkvæmt Jb. Þb. 14 eignast t. d. finnandi hlut, ef enginn eigandi gefur sig fram og sannar heimild sína til hlutarins, en samkvæmt dönsku lagaboðunum á, ef svo sténdur á, að selja hlutinn, og fær finnandi  $\frac{1}{3}$  verðs, en bæjar- eða sveitarsjóður  $\frac{2}{3}$ . Þykir því nauðsyn til bera að fá ótvíræð og greinileg lög um þetta efni.

Sá hugsunarháttur, sem kemur fram í Jónsbók, að sá eigi hlut, sem finni, ef enginn eigandi gefur sig fram, samræmist tæplega nútímanum. Hinsvegar er mjög algengt, að menn liti svo á, og láta þá nægja að auglýsa hið fundna einu sinni eða aðgæta í blöðum, hvort þar sé lýst eftir því, en kasta svo eign sinni á það, ef enginn eigandi gefur sig fram, og hafa á þann hátt orðið brotlegir við hegningarlögin. Með frumvarpi þessu eru settar ákveðnar reglur um, hvernig ráðstafa skuli fundnu fé, sem enginn eigandi gefur sig fram að. Þykir ekki rétt, að andvirði slíkra hluta renni allt til finnandans.

Tala og verðmæti týndra muna hefir aukizt mjög í seinni tíð, einkum í Reykjavík og hinum stærri kaupstöðum. Verður ekki talið við það hlítandi, að lítið eða nær ekkert opinbert eftirlit sé með svo fjárhagslega þýðingarmiklu atriði og fundið fé nú er orðið, og að það sé að miklu leyti eftirlitslaust í höndum einstaklinga. Þykir nauðsynlegt að skapa eina allsherjar miðstöð, þar sem finnendur hluta geta skilað þeim, og þeir, sem týna, geta spurt eftir þeim. Með frumvarpinu er því boðið, að allt fundið fé skuli afhenda lögreglustjóra eða hreppstjóra, í Reykjavík rannsóknarlögreglunni.